



Bandalag íslenskra listamanna
Federation of Icelandic artists

Reykjavík 21. apríl 2022

Austurbrú,
Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Efni: Umsögn Bandalags íslenskra listamanna um tillögu að svæðisskipulagi Austurlands

Bandalag íslenskra listamanna eru heildarsamtök allra fagfélaga íslenskra listamann og einn af stofnaðilum Austurbrúar

Austurland hefur á undanförunum árum unnið sér inn jákvætt orðspor sem vettvangur öflugrar grasrótar listsköpunar. Margir og eftirtektarverðir sprotar listsköpunar hafa vaxið á austurlandi og dregið til sín athygli, ekki bara íslenskra listamanna og listunnenda, heldur líka sett austfirði á heimskortið. Austur á land sækja listamenn allstaðar úr heiminum til starfa í hvetjandi umhverfi náttúru og í samfélagi við aðra listamenn

Þessi tillaga sem liggur fyrir til umsagnar á svæðisskipulagi austurlands er um margt vel unnin og vönduð í framsetningu, og lýsir ákveðnum metnaði til þess að gera vel. Það hefði því mátt kveða fastar að orði um starfsskilyrði listamanna og aðstöðu listarinnar í stefnunni. Í ljósi þeirrar grósku sem er listsköpun á svæðinu og borin er uppi af öflugum og framtakssömum listamönnum væri hefði verið bragur af því. Í hinum ágæta kafla um menningu er soldið um að “áhersla verði lögð á og leitað verði leiða” hér má í öllum tilfellum kveða fastar að orði svo texti stefnunnar gefi skýrari fyrirheit um efndir.

Það er töluvert um það að í stefnunni sé ferðamennska og menning nefnt félagi hvort við annað. Til að listin geti verið trúverðugt aðdráttarafl í ferðamennsku þarf hún að eiga sér raunverulegar rætur í lífi og samfélagi heimamanna, hún þarf því að byggjast á fagmennsku og þekkingu. Til þess þarf samfélagið að skilja og rækta þann mannauð sem í starfi listamanna býr.

Það er vitnað nokkuð í menningarstefnur sveitarfélagan í skipulagstillögunni. BÍL leggur til að SSA geri sjálfstæða mennigarstefnu í samvinnu allra þeirra listamanna og miðstöðva- og menningarstofnana á svæðinu. Heildarstefna í málefnum menningar og listsköpunar er ekki bara skjal sem hjálpað gæti til við framtíðarsýn svæðisins, heldur gæti það reynst öflugt verkfæri í samskiptum við ríkisvaldið og stofnanir hins opinbera. En fyrst og fremst yrði vinna við menningarstefnu svæðinu dýrmætt samtal til þess að virkja þann skapandi auð sem er að vaxa og hefur sýnt sig að skila verkefnum og mannlífi sem eftir er tekið.

Virðingarfyllt

Erling Jóhannesson

Forseti Bandalags íslenskra listamanna

